

Ársfundur Landspítala 2014

Hótel Hilton Reykjavík Nordica

6. maí 2014

Páll Matthíasson forstjóri

-Ávarp í byrjun fundar

Talað orð gildir

Ráðherra, landlæknir, rektor HÍ, kæra samstarfsfólk og aðrir ársfundargestir!

Það gekk ýmislegt á á Landspítalanum á síðasta ári. Eftir margra ára niðurskurð og sparnað, vegferð sem tókst að mörgu leyti vel og skilaði spítalanum hallalausum, þrátt fyrir mikla hagræðingarkröfu árum saman, þá var svo komið fyrir ári síðan að spítalinn var kominn að fótum fram. Það var nefnilega þannig að þótt hluti af árangri spítalans næðist með aukinni skilvirkni og ráðdeild þá náðist hluti af árangrinum aðeins með því að biðja fólk að hlaupa hraðar og spara það að endurnýja tæki og húsakost. Slíkt gengur í ákveðinn tíma en síðan þarf að gefa í. Yfirdráttarlán bera háa vexti og vextirnir hjá okkur voru versnandi aðstæður spítalans til að sinna hlutverki sínu og vaxandi þreyta og ólga á meðal starfsfólks sem sá ekki til lands. Frumvarp til fjárlaga 2014 var síðan mikil vonbrigði því menn fylltust ótta um að ekki ætti að bæta fjárhagsgrundvöll spítalans. Forstjóri spítalans, Björn Zoëga, sem hafði leitt reksturinn gegnum mikinn ólgusjú af mikilli röggsemi, ákvað þá að segja af sér og ráðherra bað mig með stuttum fyrirvara um að taka að mér starf forstjóra tímabundið, starf sem ég hef nú verið skipaður í til lengri tíma.

Verkefnin sem við blöstu voru fjölmörg en voru fyrstu mánuðina fyrst og fremst tvö. Stærsta verkefnið var að efla traust á milli stjórnenda annars vegar og starfsfólks og ekki síst nema hins vegar. Þetta réðumst við stjórnendur í með því að leggja ofuráherslu á að bæta starfsumhverfi og snúa með því starfsanda til betri vegar. Hins vegar gengum við í það að færa rök fyrir því að Landspítali þyrfti aukið fjármagn til að rækja hlutverk sitt sem skyldi enda vantaði fé upp á rekstur ársins 2013, eins og sést í ársreikningi, en ekki síður aukið fjármagn til að geta hafið viðspyrnu til framtíðar.

Landspítalinn á sem betur fer fjölmarga bandamenn, bæði styrktaraðila sem safna og gefa fé til uppbyggingar alla daga ársins en einnig stjórnálamenn. Við nutum stuðnings heilbrigðisráðherra og breiðfylkingar þingmanna og niðurstaðan varð sú að þrátt fyrir erfiðar aðstæður í þjóðarþúinu þá var ákalli Landspítala um aukið fé svarað og við fengum aukið fjármagn.

Þetta aukna fjármagn hefur farið í þrjá hluti; í fyrsta lagi í að bæta tækjakost spítalans, í öðru lagi í að bæta starfsumhverfi og aðstöðu starfsfólks og í þriðja lagi í að bæta þjónustu og grípa inn í á stöðum þar sem krísur hafa myndast í þjónustunni. Allt er þetta hluti af því sem við köllum viðspyrnu, hlutum sem við gerum til að snúa við blaðinu, til að efla spítalann þannig að hann verði öruggari og betri staður fyrir sjúklinga og líka meira aðlaðandi og spennandi vinnustaður fyrir allt okkar öflugra starfsfólk.

Yfirskrift fundarins í dag er „Þjóðarsjúkrahús á tímamótum“. Í því samhengi er gagnlegt að líta til baka til þess tíma þegar verið var að byggja Landspítalann á árunum fyrir 1930. Þá, ekki síður en nú, var mikið rætt um þörfina fyrir uppbyggingu Landspítala og sýndist sitt hverjum. Ýmsar skemmtilegar hugmyndir komu líka fram. Þannig var haldinn troðfullur, almennur fundur í Nýja bíói 15. apríl 1925 þar sem rætt var um framkvæmdir við Landspítala en þetta var 5 árum áður en spítalinn opnaði og ári áður en fyrsta skóflustungan var tekin. Frú Bríet Bjarnhéðinsdóttir, útgefandi og ritstjóri, stóð þar upp og kom með þá uppástungu að Alþingi skyldi ekki haldið nema annað hvert ár en þingkostnaður hitt árið lagður í byggingarsjóð spítalans. Það sparaði fé og drægi um helming úr hávaða vegna málsins!

Þegar svo spítalinn loks reis þá töldu menn hann allt of stóran og spáðu því að mörg ár tæki að fylla hann. Svo fór hins vegar ekki. Strax 4 mánuðum eftir að Landspítali opnaði voru komnir 100 sjúklingar á spítalann og yfirlagnir í alla króka og kima. Nokkuð sem enn er óbreytt.

Lærdómurinn af þessu er sá að það er oft deilt um stór þjóðþrífaverkefni. Það var svo sannarlega deilt um þörfina og stærðina á Landspítalanum fyrir 90 árum. Alveg eins og deilt hefur verið um flestar stærri byggingar á Íslandi, ef ekki um þörfina fyrir þær þá um staðsetningu og útlit þeirra. Það var líka svo sannarlega deilt um lagningu Hvalfjarðarganga á sínum tíma svo annað dæmi sé tekið og eiga þessi tvö verkefni þó það sameiginlegt að enginn gæti í dag haldið því fram að þetta hafi ekki verið þjóðþrífaverkefni sem snerust um almannaheill og framfarir.

Landspítalinn snýst um almannaheill og Landspítalinn er sannkallað þjóðarsjúkrahús. Það var nýlega skoðað hversu stór hluti af kostnaði Landspítala fer til sérhæfðrar sjúkrahúspjónustu því þjónusta spítalans er annars vegar almenn sjúkrahússpjónusta, einfaldari og almennari læknisþjónusta sem Landspítali veitir þeim rúmlega 200.000 manns sem hér búa en aðrir spítalar úti um landið veita sínu fólki. Hins vegar er sjúkrahúsið sérhæfða þjónustan, þjónusta sem aðeins er veitt á Landspítala og sem við sem Íslendingar viljum búa við. Niðurstaðan er sú að á bilinu 80-84% af kostnaði Landspítala fer í sérhæfða sjúkrahúspjónustu, þjónustu sem aðeins er til á Landspítala og sem nýtist öllum landsmönnum. Þannig að Landspítali er svo sannarlega, í öllum skilningi, þjóðarsjúkrahús.

Hvar erum við þá í dag?

Þegar ég horfi fram í tímann þá er það alveg ljóst í mínum huga að mikilvægustu verkefni næstu 5-7 ára í heilbrigðisþjónustunni eru tvö og þau tengjast; það fyrri er öryggi sjúklinga, það seinna er innviðir sem styðja örugga, nútímavædda læknisfræði og þá fyrst og fremst nýr meðferðarkjarni og nýr rannsóknarkjarni á Landspítalalóð.

Fyrst öryggið. Þeir dagar eru liðnir að heilbrigðisstarfsfólk sé eins og heilagt fólk sem gerði sitt besta og gat gengið að þakklæti og skilningi sjúklinganna vísu. Í sífellt flóknari heimi þar sem sjúklingarnir eru betur menntaðir og upplýstir og tæknin, flækjustigið, samstarfið meira, þá er hættan á mistökum miklu meiri og miklu ríkari krafa um eftirlit og ábyrgð.

Þessi menningarbreyting er komin til að vera og við eigum að fagna henni. Í heimi þar sem bílaframleiðendur og flugfélög stefna að sex „sigma“ árangri - sem þýðir færri en 3,4 mistök per milljón atburði - þá á heilbrigðiskerfið töluvert langt í land. En viðleitni og sífellt vinna við að draga úr mistökum og auka öryggi - með því að læra af mistökum, straumlínulaga ferla, draga úr sóun og minnka breytileika í vinnu - allt eru þetta aðferðir sem draga úr atvikum og sérstaklega alvarlegum atvikum. Þeir spítalar sem hafa náð mestum árangri á þessu sviði, spítalar eins og Virginia Mason spítalinn í Seattle og barnaspítalinn í Cincinnati í Ohio eru margfalt öruggari en spítalar sem ekki sinna þessum málum og við í íslensku heilbrigðisþjónustunni höfum möguleika á því að ná langt á þessu sviði.

En öryggi snýst um fleira en menningarbreytingu og verkferla, það snýst líka um öflugt starfsfólk sem líður vel og býr við góðar aðstæður og laun. Þar er mikið verk að vinna, launakjörunum ráðum við ekki yfir nema að hluta en það er vel þekkt að ef hægt er að draga úr álagi með góðu starfsumhverfi þá skilar það sér í auknu öryggi. Þar spila nýjar byggingar inn í.

Öryggi snýst líka um það að hafa nútímaleg tæki sem bila ekki í húsnaði sem hentar starfsemi. Og þarna er komið það verkefni sem mun taka mesta orku Landspítalans út þennan áratug; nýjar byggingar á Landspítala. Núverandi ástand bygginga á Landspítala er að verða ógn við öryggi í

heilbrigðisþjónustu. Byggingarnar eru gamlar, óhentugar og á stundum beinlínis heilsuspillandi umhverfi fyrir sjúklinga og starfsfólk. Þessu verðum við að ráða bót á á næstu árum.

Við erum með starfsemi á 17 stöðum og það sem verst er, bráðastarfsemi á tveimur stöðum, Hringbraut og Fossvogi. Þetta er, fyrir utan allt óhagræðið og kostnaðinn, hættulegt. Hættulegt vegna þess að við þurfum stundum að flytja sjúklinga á milli húsa sem ekki þola flutning, hættulegt vegna þess að við þurfum að flytja sérhæft heilbrigðisstarfsfólk sem ekki er nóg af á milli húsa, hættulegt vegna þess að ef sérhæfð tæki, eins og sneiðmyndatæki, bila í öðru húsinu þá gagnast það lítið að hafa „backup“ tæki hinu megin við Öskjuhlíðina ef fólk er of bráðveikt til að hægt sé að flytja það á milli. Auk þess er hið óhentuga húsnæði farið að standa í vegi fyrir því að hægt sé að koma fyrir tækjum og búnaði, sérstaklega á skurðstofum og gjörgæslu. Og húsnæði sem er með öllu óboðlegt laðar ekki beinlínis öflugt fagfólk til baka til landsins.

Það er því algert lykilatriði upp á áframhaldandi þróun öruggrar og nútímalegrar heilbrigðisþjónustu að meðferðarkjarni og rannsóknarkjarni risi í sameinuðum byggingum á Landspítala.

Nýtt sjúkrahús hefur verið á döfnni frá því fyrir aldamót og hefur breyst mikið. Á leiðinni er þetta hætt að vera nýtt sjúkrahús, þetta er orðin endurnýjun á löngu úreltum byggingum. Það er rétt að benda á það. Framan af var verið að ræða um fullkomna endurbyggingu á sjúkrahúsinu, algjörlega nýjar byggingar. Í kjölfar hrunsins, vegna kostnaðar og áhyggna af flækjustigi við svo stórar framkvæmdir, þá var horfið frá þessu. Horfið var frá hátækni sjúkrahúsi sem risi frá grunni. Farið var yfir í núverandi áform sem eru um það bil þriðjungur af upphaflegum áformum, miklu hógværingi og skynsamari niðurstaða í nýbyggingum við Hringbraut. Við teljum að þetta sé heillavænleg þróun. Um hinar nýju byggingar, sem búið er að samþykkja í skipulagi, ríkir betri sátt en það er rétt að ítreka, ef menn hafa áhyggjur af útliti bygginga að í raun á eftir að útlitshanna spítalann. Það mikilvægasta núna er að leita leiða til að fjármagna endurnýjun húsnæðis spítalans.

Með nýjum byggingum og fé til annars mikilvægs „infrastrúktúrverkefni“, samræmdra rafræna kerfa, á næstu 7 árum þá náum við að skapa fullkominn vettvang fyrir hágæða nútíma lækniþjónustu sem er örugg og skilvirk. Sem hentar okkar frábæra heilbrigðisstarfsfólki, sem laðar heim okkar besta fólk og þar sem við getum haldið áfram að vinna afrek sem enginn trúir að 300.000 manna þjóð geti unnið eins og nýraígræðslur, flóknar hjartaaðgerðir o.s.frv. Ég er mjög spenntur að sitja málþingið á eftir þar sem staða Landspítala, öryggismál og uppbygging til framtíðar verður rædd. Það verður einnig pallborð þar sem tækifæri gefst til spurninga og umræðna þannig að ég hvet fólk til að sitja til enda.

Takk fyrir!